Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið

Reykjavík 12. maí. 2021

Efni: Aukin stuðningur við félagsstarf fyrir fullorðið fatlað fólk sumarið 2021 vegna COVID-19

COVID-19 faraldurinn hefur haft mikil áhrif á viðkvæma hópa í samfélaginu, einkum fatlaða einstaklinga sem margir hafa þurft að þola skerta samveru og félagslega einangrun.

Einn af aðgerðapökkum stjórnvalda felur í sér aukinn stuðning við félagsstarf fyrir fullorðið fatlað fólk í sumar með það að markmiði að draga úr félagslegri einangrun og styðja einstaklinga til þess að takast á við afleiðingar COVID-19. Samþykkt hefur verið að veita 60 milljónum króna til þessa verkefnis á landsvísu. Á þessum grundvelli gefst sveitarfélögum kostur á að sækja um fjárframlag vegna sérstakra verkefna í dagþjónustu fyrir fullorðið fatlað fólk sumarið 2021.

Félags- og barnamálaráðherra hvetur sveitarfélög til þess að nýta sér þetta tækifæri og styðja enn betur við þennan viðkvæma hóp á þessum erfiðu tímum.

Þau sveitarfélög sem óska eftir fjárframlagi skulu senda inn umsókn fyrir 28. maí nk. kl. 16:00, í gegnum eyðublaðavef Stjórnarráðsins https://minarsidur.stjr.is/web/index.html.

Í umsókninni þarf m.a. að koma fram (sjá nánar í umsóknareyðublaði)

- Verkefnisáætlun
- Tímalína
- Fjárhagsáætlun
- Samstarfsaðilar

Uppfylli verkefnið markmiðið um dagþjónustu fyrir fullorðið fatlað fólk sumarið 2021 vegna COVID-19 fær sveitarfélagið eingreiðslu í byrjun júlí.

Þau sveitarfélög sem fá fjárframlag til verkefnisins skulu skila stuttri skýrslu um árangur verkefnisins til félagsmálaráðuneytisins, fyrir 1. október 2021, á netfangið frn@frn.is undir heitinu ***Skýrsla um dagþjónustu fyrir fullorðið fatlað fólk sumarið 2021 vegna COVID-19 frá „nafn styrkþega“.***